147 22. nóv. Norðurárdalshrepp, verði í góðu og færu standi, mundi geta orðið fullgjört næsta sumar, ef 16 duglegir menn ynni að verkinu í 3 mánuði, og, yrðu verkalaunin hin sömu og í sumar, teljist svo til, að það mundi kosta samtals 4720 kr. Hafið þjer, herra amtmaður því lagt það til, að haldið verði áfram með þennan fjallveg í sumar að kemur, með þeirri fyrirætlun, að koma þá af allri vegagjörðinni byggða á milli.

Jeg legg því hjer með samþykki á, að vegagjörðinni verði haldið áfram og komið af sumarið 1878, á þann hátt, er þjer stingið upp á, herra amtmaður, og læt brjefi þessu fylgja ávísun á þær 2171 kr. 74 a., sem eptir eru af kostnaðinum til verksins þetta ár.

Jeg bæti því við, að jeg álít að vísu sjálfsagt, að sýslunefndirnar í Strandasýslu og Mýrasýslu sjái um, að gjört verði almennilega við sýsluvegi þá, er liggja að fjallveginum yfir Holtavörðuheiði, um leið og lokið er við aðalvegabótina á honum, en vil þó hjer með biðja yður þjónustusamlega, herra amtmaður, að leiða athygli sýslunefndanna að því, að nauðsynlegt sje að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem á þarf að halda.

148 29. nóv.

Úthlutun

á samskotum þeim, er safnað var í Danmörku, Noregi og Englandi handa Íslendingum, þeim er tjón biðu af eldgosunum árið 1875, að svo miklu leyti sem þeim hefir verið úthlutað af mjer eða að minni tilhlutun.

	kr.	aur.
1. Gjafir, er nefndin í Kaupmannahöfn safnaði	28454	95
(í því eru fólgnir vextir af samskotafjenu: 2039 kr. 51 a.).		
2. Gjafir, er safnað var í Noregi	12640	41
(í því eru og fólgnir vextirnir: 720 kr. 29 a.).		
3. Leifar af samskotunum á Englandi	5538	60
(í því eru sömuleiðis fólgnir vextirnir: 138 kr. 60 a.).		
alls	46633	96

Þessu fje hefir verið úthlutað þannig:

	kr.	aur.
1. Handa 17 búendum í Jökuldal, er urðu að flytja sig af jörðunum sakir öskufallsins, og til skaðabóta fyrir rýrnun þá til lengdar, er þær urðu fyrir	10000	»
2. Handa eiganda Reykjahlíðar við Mývatn, í skaðabœtur fyrir skemmdir þær, er þessi jörð varð fyrir af hraunflóði . . .	500	»
3. Úthlutað af sýslunefndunum, bæði til þess að bœta úr bráðri neyð sakir öskufallsins, og í skaðabœtur fyrir skammvinnari skemmdir á jörðunum:		
a, í Norður-Múlasýslu . . . . . 9884 kr. 25 a.		
b, í Suður-Múlasýslu . . . . . 11279 — 75 -	21164	»
4. Til þess að stofna sjóð til styrktar, er önnur eins eldgos eða því líkt ber að höndum hjer á landi, og skuli verja vöxtunum af sjóði þessum til að efla landbúnað í Múlasýslum og önnur fyrirtœki þar til almenningsheilla: lagðar í sjóð í þessu skyni 16500 kr. í ríkisskuldabrjefum og varið til að kaupa þau	14939	61
5. Í burðareyri undir peninga o. fl. hafa farið	30	35
	46633	96

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóvbr. 1877.

Hilmar Finsen.